

GJALDSKRÁ **fyrir hundahald í Dalvíkurbyggð.**

1. gr.

Við skráningu hunda skal greiða skráningargjald kr. 2.848,-

2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunda kr. .8.763,- Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar ef framvísað er staðfesting á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

3. gr.

Af hundum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 14. gr. samþykktar um hundahald í Dalvíkurbyggð skal eigandi greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhendur hundurinn á ný. Ef hundur er ekki örmerktur samkvæmt 9. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðar hundar ber að innheimta kr. 5.475,- vegna handsömunar og gjald fyrir fóður og vistun samkvæmt kosnaði. Gjald fyrir örmerkingu hunda fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

6. gr

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við neysluvísitölu, grunnur 1988, september 2016 (438,5 stig) sem uppreiknast í september ár hvert miðað við gildandi neysluvísitölu.

Samþykkt í landbúnaðaráði Dalvíkurbyggðar 20. september 2016



DALVÍKURBYGGÐ

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 22. nóvember 2016

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2017